


# Viðbragðsáætlun Eldur

Úlfjótswatni 18. apríl 2015



HÖU-Neyðaráætlun:



# Slys á fólki/ bráðaveikindi



HÖU-Neyðaráætlun:

## SLYS

**Tryggja eigið öryggi**  
Koma í veg fyrir frekara slys

### Framkvæma fyrstu hjálp:

- A. Opna öndunarveg
- B. Tryggja öndun
- C. Stöðva blæðingu
- D. Koma í veg fyrir ofkælingu

### Hringja í 112:

Upplýsa:  
Nafn og símanúmer  
Hvað gerðist og hvar  
Vera í sambandi við  
Neyðarlínu og taka við frekari  
skilaboðum

### Veita frekari fyrstu hjálp:

Hlúa að hinum slasaða, róa  
hann og halda hita  
Búa um frekari sár

Nánari útfærsla:

**1** Stöðvið dagskrá. Tryggið eigið öryggi. Komið í veg fyrir frekara tjón. Fjarlægjið börn/gesti af slysstað ef ástæða er til.

**2** Gangið úr skugga um að sá slasaði andi. Veitið neyðarhjálp (endurlífgun, stöðvun lífshættulegra blæðinga og verndum hryggs) ef þarf.

**3** Metið þörf á að kalla eftir hjálp (1-1-2). Ekki hika.

**4** Veitið fyrstu hjálp. Haldið áfram ferð/dagskrá ef hægt er. Annars láta yfirmann vita og:

**5** Undirbúið þann slasaða fyrir flutning. Fyrirbyggjið eins og hægt er að hann ofkælist, og reynið að bæta líðan eins og hægt er.

**6** Sé um gest í sumarbúðum eða skólabúðum að ræða fylgir starfsmaður hinum slasaða ef þörf er á flutningi á sjúkrahús. Sé um aðra gesti að ræða fer það eftir samkomulagi við gestinn eða fararstjóra, nema ef starfsmenn sjá um flutninginn.

**7** Hugsið að velferð annarra gesta með því að koma þeim í skjól, tala við þá, gefa mat/drykk og koma í veg fyrir ofkælingu eða annað líkamlegt tjón. Metið þörf á áfallahjálp eða annarri aðstoð. Metið hvort halda eigi áfram annarri dagskrá.

**8** Tilkynnið yfirmanni um óhappið. Yfirmaður sér um að meta hvort gera skuli öðrum viðvart (t.d. foreldrum, lögreglu, aðstandendum, BÍS o.s.frv.). Ef starfsmaður deyr, eða er frá vinnu í a.m.k. einn dag, auk dagsins sem slysið varð, skal framkvæmdastjóri tilkynna Vinnueftirlitinu um slysið.

**9** Skráið atvikið.

Athugasemdir:

### Ef klífurslys:

Komið í veg fyrir frekari notkun á klífurturni þar til orsök slyss er fundin og brugðist hefur verið við henni ef tilefni er til. Gætið þess að hreyfa ekkert í turninum nema með leyfi lögreglu, ef það á við (ef lögreglu hefur verið tilkynnt um slysið). Í slíkum tilfellum þarf að skilja búnað eftir eins og hann var þegar slysið varð, en vakta turninn.

Sé ekki tilefni til að tilkynna lögreglu um atvikið skal ganga frá útbúnaði um leið og gengið hefur verið úr skugga um orsök slyssins. Merkið og takið frá búnað sem talið er að hafi skemmst við slysið, orðið fyrir miklu álagi/högggi eða gæti hafa valdið slysinu.

# Viðbragðsáætlun Ofkæling

Úlfjótsvatni 17. apríl 2015



HÖU-Neyðaráætlun:

## VÆG OFKÆLING

Tryggja eigið öryggi  
Koma í veg fyrir frekara slys

### Framkvæma fyrstu hjálp:

- A. Opna öndunarveg
- B. Tryggja öndun
- C. Stöðva blæðingu
- D. Koma í veg fyrir ofkælingu

### Hringja í 112:

Upplýsa:  
Nafn og símanúmer  
Hvað gerðist og hvar  
Vera í sambandi við  
Neyðarlínu og taka við frekari  
skilaboðum

### Veita frekari fyrstu hjálp:

Hlúa að hinum slasaða, róa  
hann og halda hita  
Búa um frekari sár

Nánari útfærsla:

**1** Stöðvið dagskrá. Tryggið eigið öryggi. Komið í veg fyrir frekara tjón. Fjarlægið börn/gesti af slysstað ef ástæða er til.

**2** Gangið úr skugga um að sá slasaði andi. Veitið neyðarhjálp (endurlífgun, stöðvun lífshættulegra blæðinga og verndum hryggs) ef þarf.

**3** Veita BROS-meðferð eða endurlífgun ef á þarf að halda

**4** Ef sjúklingur sýnir ekki bata, eða er alvarlega ofkældur (með breytta meðvitund og orðinn of kaldur til að skjálfa): Kalla tafarlaust eftir hjálp (1-1-2) og halda áfram meðferð.

**5** Komið í veg fyrir frekari ofkælingu.  
Komið t.d. sjúklingi í skjól/bíl og hefjið upphitun.

**6** Sé um gest í sumarbúðum eða skólabúðum að ræða fylgir starfsmaður hinum ofkælda ef þörf er á flutningi á sjúkrahús. Sé um aðra gesti að ræða fer það eftir samkomulagi við gestinn eða fararstjóra, nema ef starfsmenn sjá um flutninginn. Gera þarf ráð fyrir að annar starfsmaður taki við hópnum.

**7** Huga að velferð hópsins með því að koma þeim í skjól, láta göngufólk klæðast betur, drekka, nærast, setja upp tjöld eða annað sem kemur í veg fyrir ofkælingu eða annað líkamlegt tjón.

**8** Tilkynnið yfirmanni um óhappið.  
Yfirmaður sér um að meta hvort gera skuli öðrum viðvart (t.d. foreldrum, lögreglu, aðstandendum, BÍŚ o.s.frv.).  
Ef starfsmaður deyr, eða er frá vinnu í a.m.k. einn dag, auk dagsins sem slysið varð, skal framkvæmdastjóri tilkynna Vinnueftirlitinu um slysið.

**9** Skráið atvikið

Athugasemdir:

### Hitatap:

- Leiðni
- Streymi
- Geislun
- Uppgufun

### Upphitun:

- Komið í veg fyrir frekara hitatap
- Hita upp á vettvangi ef hægt er.
- Gefa að borða og drekka.
- Þurrkið sjúkling og fót
- Leyfið hreyfingu ef hægt er (innri upphitun)

# Viðbragðsáætlun

## Hópur villist

Úlfjótssvatni 17. apríl 2015



HÖU-Neyðaráætlun:

### HÓPUR VILLIST

**Tryggja eigið öryggi**  
Koma í veg fyrir frekara slys

#### Fyrstu viðbrögð:

- Síðasta þekktu staðsetning
- Áætlun

#### Kalla eftir hjálp:

- Yfirmaður
- 1-1-2
- Aðrir

#### Veita fyrstu hjálp:

Hlúa að hinum slasaða, róa hann og halda hita  
Veita aðra hjálp

Nánari útfærsla:

**1** Stöðvið dagskrá. Tryggið eigið öryggi. Komið í veg fyrir frekara tjón. Gakktu úr skugga um að enginn hafi orðið viðskila við hópinn. Huga að velferð hópsins með því að koma honum í skjól, láta göngufólk klæðast betur, drekka, nærast, setja upp tjöld eða annað sem kemur í veg fyrir ofkælingu eða annað líkamlegt tjón.

**2** Finndu síðustu þekktu staðsetningu. Reyndu að staðsetja hópinn með fullvissu. Ef það tekst, leggðu mat á líkur þess að hópurinn komist inn á rétta leið með einföldum hætti. Ef líkur eru yfirgnæfandi, haltu áfram. Tilkynnið yfirmanni um atvikið við heimkomu.

**3** Ef skref 2 tekst ekki, eða líkur á árangri eru takmarkaðar – gerðu yfirmanni viðvart.

Metið í sameiningu hvort kalla eigi eftir hjálp (1-1-2) eða hvort yfirgnæfandi líkur séu á að hægt sé að koma hópnum á rétta leið eftir öðrum ráðum. Metið einnig hvort gera skuli öðrum viðvart (t.d. lögreglu, aðstandendum, BÍS o.s.frv.).

Haldið kyrru fyrir þar til hjálp berst. Fylgist með líðan hópsins.

**4** Sinnið hópnum eftir björgun. Metið þörf á áfallahjálpi eða annarri aðstoð.

**5** Skráið atvikið.

Athugasemdir:

# Týndur / viðskila einstaklingur



HÖU-Neyðaráætlun:

## TÝNDUR EINSTAKLINGUR

Nánari útfærsla:

Athugasemdir:

**Tryggja eigið öryggi**  
Koma í veg fyrir frekara slys

**1** Stöðvið dagskrá. Tryggið eigið öryggi. Komið í veg fyrir frekara tjón. Staðfestið að einstaklingur sé horfinn.

Huga að velferð hópsins með því að koma honum í skjól, láta göngufólk klæðast betur, drekka, nærast, setja upp tjöld eða annað sem kemur í veg fyrir ofkælingu eða annað líkamlegt tjón.

**Fyrstu viðbrögð:**

- Síðasta þekktu staðsetning
- Áætlun

**2** Finna út hvar og hvenær einhver hafi síðast orðið var við þann týnda.

**3** Skilgreinið leitarsvæði og metið hvort hópurinn geti sjálfur leitað hratt og örugglega. Ef já – leitið. Ef nei (eða ekkert finnst) – gerið yfirmanni viðvart:

**Kalla eftir hjálp:**

- Yfirmaður
- 1-1-2
- Aðrir

**4** Metið í sameiningu við yfirmann hvort kalla eigi eftir hjálp (1-1-2) eða hvort yfirgnæfandi líkur séu á að hægt sé að finna hinn týnda hratt og örugglega eftir öðrum ráðum. Metið einnig hvort gera skuli öðrum viðvart (t.d. lögreglu, aðstandendum, BÍS o.s.frv.).

**Veita fyrstu hjálp:**

Hlúa að hinum slasaða, róa hann og halda hita  
Veita aðra hjálp

**5** Huga að velferð hópsins með því að koma þeim í skjól, láta göngufólk klæðast betur, drekka, nærast, setja upp tjöld eða annað sem kemur í veg fyrir ofkælingu eða annað líkamlegt tjón. Haldið kyrru fyrir þar til hjálp berst. Fylgist með líðan hópsins.

**6** Sinnið hópnum eftir björgun. Metið þörf á áfallahjálpu eða annarri aðstoð.

**7** Skráið atvikið.

### Sumarbúðabarn týnist (viðmið):

Annars staðar en við vatnið:

#### Grænt stig (0-10 mín.):

- Síðasta þekktu staðsetning?
- Hraðleit í helstu skálum (svefnskálum, Norðursal, Strýtu og öðrum skálum sem sumarbúðabörn geta farið í)
- Hraðleit niðri við vatn (byrja við efri mörk tjaldsvæðis og leita niður)
- Hraðleit upp og niður þjóðvegin á bílum
- Á sama tíma skal starfsfólk virkjað til að halda utan um hópinn, annað hvort með því að halda áfram í dagskrá eða með því að koma þeim inn í hús og hlúa að þeim.

#### Gult stig (11-20 mín.):

- Stöðva dagskrá
- Skilgreina ný leitarsvæði
- Leita aftur við vatn
- Leita aftur helstu skála
- Leita alla skála

#### Rautt stig (21-35 mín.):

- Leita innan alls tjaldsvæðis
- Leita fjallshlíð

**Eftir 35 mínútur:**  
Hringja í 1-1-2

Við vatnið:

#### Rautt stig (0-10 mín.):

- Síðasta þekktu staðsetning?
- Hraðleit við vatn - byrja við síðustu þekktu staðsetningu og leita niður (leita líka upp, en með minni áherslu)
- Hraðleit - keyra einhverja niður undir virkjun og leita upp.
- Leita helstu skála

**Eftir 10 mínútur:**  
Hringja í 1-1-2

# Björgun úr klifurturni



HÖU-Neyðaráætlun:

## BJÖRGUN ÚR TURNI

Nánari útfærsla:

Athugasemdir:

**Tryggja eigið öryggi**  
Koma í veg fyrir frekara slys

**1** Stöðvið dagskrá. Tryggið eigið öryggi. Komið í veg fyrir frekara tjón. Ef gestir eru í turninum skulu þeir fara niður.

**Fyrstu viðbrögð:**

- Björgun úr turni

**2** Leiðbeinandi uppi í turni festir sig í öryggislínu (sem er sett upp fyrir miðjan vegg).  
Notar þrússík.

**3** Leiðbeinandi lokar sikhliði (ef það á við) og sígur niður til gests og framkvæmir félagabjörgun.

**Veita fyrstu hjálp:**

Hlúa að hinum slasaða, róa hann og halda hita  
Veita aðra hjálp

**4** Ef um slys á fólki eða bilun í búnaði er að ræða skal notast við viðeigandi viðbragðsáætlun.

**5** Ef óhætt er að halda áfram dagskrá skal það gert þegar leiðbeinandi er kominn aftur upp í turninn og búinn að tryggja sig við öryggissling.

**6** Skráið öll atvik og nærslys.

# Búnaðarbilun í klifurturni (ekki slys á fólki)



HÖU-Neyðaráætlun:

## BÚNAÐUR BILAR

Nánari útfærsla:

Athugasemdir:

**Tryggja eigið öryggi**  
Koma í veg fyrir frekara slys

**1** Stöðvið dagskrá. Tryggið eigið öryggi. Komið í veg fyrir frekara tjón. Lokið turninum.

**Fyrstu viðbrögð:**

- Metið ástandið

**2** Greinið hvar bilunin/skemmdin er

**3** Metið hvort hægt sé að skipta út búnaði og halda áfram dagskrá

**4** Metið hvort gestum og starfsfólki sé hættu búin af áframhaldandi dagskrá

**5** Merkið og takið frá búnað sem er bilaður eða skemmdur.

**Skipta út/loka:**

- Skipta út búnaði
- Loka turni ef skemmdur

**6** Lokið af skemmdan hluta klifurturnsins fyrir dagskrá.

**7** Ef um mikla skemmd á turninum er að ræða, sem gæti leitt til meiri skemmda eða haft áhrif á öryggi fólks í eða við turninn, skal loka af svæðinu í kringum turninn af og vakta það þar til búið er að minnka hættuna.

**8** Ef hægt er að halda áfram dagskrá með öðrum búnaði og/eða án þess að nota skemmdan hluta turnsins, án þess að auka líkur á óhappi eða frekara tjóni, má gera það.

**9** Skráið atvikið.

Empty box for notes.

# Viðbragðsáætlun Fall í vatn

Úlfjótsvatni 17. apríl 2015



HÖU-Neyðaráætlun:

## FALL Í VATN

Nánari útfærsla:

Athugasemdir:

**Tryggja eigið öryggi**  
Koma í veg fyrir frekara slys

**1** Ræsið öryggisbát og farið á staðinn. Tveir starfsmenn skulu vera í bátnum.

### Fyrstu viðbrögð:

- Síðasta þekktu staðsetning
- Áætlun

**2** Ef ekki sést til þess sem datt í vatnið skal fara rétt ofan við þann stað sem viðkomandi sást síðast og leita þaðan. Sjá viðbragðsáætlun ef einhver verður viðskila við hópinn. Athugið að ef bát hvolfir getur einhver verið undir honum.

**3** Staðfestið hversu margir voru um borð í bátnum.

**Bátverjar týndir:**  
Viðbragðsáætlun við týndu fólki

### Björgun:

- Hífið viðkomandi upp í bátinn

**4** Hægið á bátnum þegar hann nálgast þann sem er í vatninu og drepjið á mótornum áður en hann er í snertifæri. Ef nauðsynlegt er að halda mótornum í gangi til að fyrirbyggja yfirvofandi hættu skal ávallt beina framenda bátsins að þeim sem er í vatninu. Þá skal alltaf einhver vera fram í stafni sem getur gefið merki ef sá í vatninu fer að fara aftur með bátnum. Þá skal samstundis drepa á mótornum.

**5** Kastið kastlínu til þess sem er í vatninu og fáið viðkomandi til að halda fast í línuna meðan öryggisbáturinn nálgast.

**6** Hafi viðkomandi verið stutta stund í vatninu má toga hann upp í bátinn lóðrétt, með því að grípa í björgunarvesti hans. Eftir langan tíma í vatninu getur viðkomandi verið orðinn mjög kaldur og skal þá reyna að hífa hann lárétt (liggjandi) upp í bátinn.

**Ofkæling:**  
Viðbragðsáætlun við ofkælingu

**Slys á fólki:**  
Viðbragðsáætlun við slysum á fólki

**7** Skráið atvikið.



# Bátur tekinn í tog



HÖU-Neyðaráætlun:

